



Til bæjarráðs Kópavogsbæjar

Kópavogi, 7 apríl 2022
Málsnr. 2111146

Efni: Kynning á drögum lýðheilsustefnu 2022-2025 til samþykkis

Þann 29. október 2021 kynnti verkefnastjóri lýðheilsu fyrir bæjarráði drög að endurskoðaðri lýðheilsustefnu til næstu þriggja ára. Bæjarráð samþykkti að vísa drögum að endurskoðaðri lýðheilsustefnu í samráðsferli. Í kjölfarið voru drögin að lýðheilsustefnunni kynnt ráðum og nefndum bæjarins ásamt því að samráð var haft meðal íbúa Kópavogsbæjar.

Verkefnastjóri lýðheilsu og stýrihópur lýðheilsu hefur unnið ný drög að lýðheilsustefnu 2022-2025 með tilliti til athugasemda ráða, nefnda og íbúa bæjarins. Óskað er eftir að kynna drög að lýðheilsustefnu 2022-2025 til samþykkis fyrir bæjarráði.

Lagt er til að ný stefna nái til þriggja ára en að aðgerðaáætlanir verði gerðar árlega um leið og fjárhagsáætlanir. Lýðheilsustefnan nær þvert á öll svið bæjarins og með þessu móti er gert ráð fyrir að betri tenging geti náðst á milli lýðheilsutengdra mála og verkefna einstakra sviða.

Fylgiskjöl:

Lýðheilsustefna 2022-2025 með markmiðum

Virðingarfyllst,

Sigríður Sigurjónsdóttir
Verkefnisstjóri lýðheilsamála